



### Moldun

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjónvgun hreina  
fyrst um dags morgunstud,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði,  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson  
Antwerpen 1540/Breytt 1840*

### Blessun

#### Eftirspil

Air úr svítu nr. 3 í D-dúr  
*J. S. Bach*



Prestur

*Geir Waage*

Organisti

*Lára Bryndís Eggertsdóttir*

Einsöngvarar

*Bragi Bergþórsson og  
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir*

Kór

*Sönghópurinn Cantoque*

Umsjón útfarar

*Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar*

*Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði*


*Aðstandendur þakka samúð og vinarhug  
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar  
í safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.*



# Páll Bergþórsson

Fæddur 13. ágúst 1923

Dáinn 10. mars 2024



Útför frá Grafarvogskirkju  
föstudaginn 22. mars 2024

**Forspil**  
Slá þú hjartans hörpustrengi  
*Valdimar Briem - J. S. Bach*

**Bæn**

Ég kveiki' á kertum mínum Þú einn vilt alla styðja  
við krossins helga tré. og öllum sýna tryggð.  
Í öllum sálmum sínum Þú einn vilt alla biðja  
hinn seki beygir kné. og öllum kenna dyggð.  
Ég villtist oft af vegi. Þú einn vilt alla hvíla  
Ég vakti oft og það. og öllum veita lið.  
Nú hallar helgum degi Þú einn vilt öllum skýla  
á Hausaskeljastað. og öllum gefa frið.

Ég fell að fótum þínum  
og faðma lífsins tré.  
Með innri augum mínum  
ég undur mikil sé.  
Þú stýrir vorsins veldi  
og verndar hverja rós.  
Frá þínum ástareldi  
fá allir heimar ljós.

*David Stefánsson frá Fagraskógi  
Guðrún Böðvarsdóttir*

**Lexía**

Yndi á ævivegi Undur er að lifa,  
eru vinafundir. eiga daga bjarta,  
Því er vert að þakka hafa verk að vinna,  
þessar góðu stundir, von og gleði í hjarta,  
sjá á sælum degi ljóð og söng í sinni,  
sól í heiði skína, sumardýrð og ljóma,  
fylla lífið fegurð, ævilangan unað,  
færa blessun sína. allra hylli og sóma.

*Páll Bergþórsson  
Ingibjörg Bergþórsdóttir*



**Pistill**

Í upphafi var Orð  
og Guði var það hjá  
og Orðið var Guð.  
Hann var þá hjá honum.  
Allt varð til fyrir hann,  
án hans varð ekki neitt.  
Í honum var og lífið sjálft  
og ljósið mannanna.

Hann er hið sanna ljós  
sem upplýsir hvern mann.  
Hann fæddist í heiminn.  
Allt fyrir kærleikann,  
allt fyrir líf okkar,  
allt fyrir náðina.  
Hann er hið sanna ljós.  
Hann er hið sanna ljós.  
Hann er hið sanna ljós.

Hann er upprisa og líf.  
Sá sem á hann trúir  
mun aldrei deyja' að eilífu  
og fylgir ljósinu.

Hann er hið sanna ljós.  
Allt fyrir kærleikann,  
allt fyrir líf okkar  
og náðina.

*Ívar Páll Jónsson - Gunnlaugur Jónsson,  
úts. Bergþór Pálsson, byggt á Jóhannesarguðspjalli*

**Guðspjall**

**Einsöngur**  
Ave María

*Indriði Einarsson - Sigvaldi Kaldalóns*

**Minningarorð**

**Einsöngur**

Hægt líða tónar  
*Páll Bergþórsson - A. Rubinstein*

Hægt líða tónar um húmaðan skóg,  
hugljúfur söngur, kynjafullt ljóð.  
Náttgalinn kveður í rökkursins ró  
ljúfsáran ástaróð.

Heillandi máninn á himninum skín,  
hæglátt er blikið stjörnunni frá.  
Nóttin af örlæti veitir sitt vín,  
þrungnið af ljúfri þrá.

Titrandi hvílir þú hljóð við minn barm,  
höndin þín blíðlega snertir minn arm.  
Ó, unaðarstund, ég ætíð verð þinn  
og aldrei mér gleymist sá fögnuður minn.

Allt er sem forðum, en eitt vantar þó,  
enn lýsir máninn himin og láð,  
eins líða titrandi tónar um skóg,  
en þú ert hvergi hér

Og einn ég eigna hér  
og líf mitt er  
af þungum harmi þjáð.  
Líf mitt er af harmi þjáð.

**Ákall, bæn – Faðir vor**

